



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 6. mars 2020
Tilvísun í mál: R20020271

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Heimild til að halda áfram uppsetningu á hjólastæðum með innbyggðri þjófavörn og hleðslu.

Óskað er eftir að Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð samþykki að þjónustu- og nýsköpunarsvið haldi áfram verkefni er verið hefur á áætlun snjallborgarinnar Reykjavík og fjármagnað er af kostnaðarstað 01285-U-Snjallb og tilheyrir verkefni 30858 undir verkbeiðni 105729 á fjárfestingaráætlun 2020 (1,5 milljónir kr.).

Vísað er til minnisblaðs þess efnis, dagsett þann 4. mars 2020.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri

Hjálagt: Minnisblað R20020271



Lagt fyrir fund Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 12.03.2020

Minnisblað

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð (MNL)

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON)

Efni: Heimild til að halda áfram uppsetningu á hjólastæðum með innbyggðri þjófavörn og hleðslu

Óskað er eftir að MNL samþykki að PON haldi áfram verkefni er verið hefur á áætlun snjallborgarinnar Reykjavík og fjármagnað er af kostnaðarstað 01285-U-Snjallb og tilheyrir verkefni 30858 undir verkbeiðni 105729 á fjárfestingaráætlun 2020 (1,5 milljónir kr.).

Forsaga:

Árið 2009 var samþykkt vistvæn samgöngustefna í rekstri borgarinnar sem hefur það að markmiði að auka hlutfall vistvænna ferða vegna starfsemi borgarinnar og draga úr árlegri bílaumferð. Í samþykktri umhverfis- og auðlindastefnu borgarinnar frá árinu 2015 er miðað við að auka hlutdeild gangandi og hjólandi til vinnu og frá, úr 19% í yfir 30%. Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar 2015-2020 er til viðbótar ætlað að skapa umhverfi sem hvetur til hjólreiða þannig að Reykjavík verði betri hjólaborg. Í áætluninni er kveðið á um að a.m.k. 30% starfsmanna Reykjavíkurborgar nýti sér samgöngustyrki til lengri eða skemmri tíma árið 2020.

Árið 2018 var ráðist í uppsetningu á 10 hjólastæðum með innbyggðri þjófavörn í bílakjallara Höfðatorgs og árið 2019 voru 10 stæði til viðbótar sett upp í bílakjallara Ráðhússins. Með Bikeep appi í símanum eða RFID snjallkorti geta starfsmenn og gestir borgarinnar læst hjólinu sínu örugglega í hjólastæðin, en ef við þau er átt með óeðlilegum hætti fer þjófavörn og upptaka á myndavél í gang. Markmið þessa fyrsta fasa prófana var að stuðla að frekari notkun vistvænna samgöngumáta hjá starfsmönnum og að búa þeim viðeigandi aðstöðu og umgjörð í samræmi við samþykktar stefnur og áætlanir borgarinnar.

Greinargerð:

Almenn ánægja hefur verið með hjólastæðin fram til þessa, og þá sérstaklega á Höfðatorgi þar sem eftirspurnin er mikil og stæðin yfirleitt fullnýtt. Í öðrum fasa prófana stendur til að skoða hvernig hjólastæðin standast íslenskt veðurfar en fram að þessu hafa þau aðeins verið nýtt innandyrá. Sett verða upp 8 hjólastæði til reynslu fyrir utan þjónustuver Reykjavíkurborgar að Höfðatorgi, 4 austan megin og 4 vestan megin.

Þar sem að notkunin á stæðunum í bílakjallara B1 að Höfðatorgi er umfram framboð verða núverandi hjólastæði færð á annan stað í kjallaranum þar sem rýmra er og ónýtt pláss. Þar verður auk þess 12 nýjum stæðum bætt við og því verður heildarfjöldi þjófavarða stæða 22 í bílakjallara B1. Samtals verða því 30 þjófavarin stæði aðgengileg í Höfðatorgi.

Hluti hjólastæðanna í kjöllum Höfðatorgs og Ráðhúss er með tengi fyrir rafhleðslu og er markmiðið að nýta þau undir ný rafhjól starfsmanna borgarinnar þegar fjármagn fæst í þau kaup. Auk þess bjóða stæðin í framtíðinni upp á möguleika á deiliahagkerfi fyrir vinnu- og einkahjól og að greitt sé fyrir þau.

Uppsetning hjólastæðanna verður unnin í samstarfi við Skrifstofu rekstrarþjónustu á ÞON sem standa mun straum af uppsetningarkostnaði, s.s. botnplötum til festingar á stæðunum, upplýsingaskiltum, málningu og bætingu á lýsingu, en Snjallborgin greiðir hönnunina á verkinu. Mikilvægt er að huga að upplifun og heildarmyndinni út frá notendamiðaðri hönnun í anda þjónustustefnu borgarinnar þegar stæðin eru sett upp, þ.e. að gestir og gangandi viti af stæðunum, hver virkni þeirra er, auk þess sem brýnt er að umhverfið í kringum hjólastæðin sé aðgengilegt, snyrtilegt, bjart og aðlaðandi.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir.

Kostnaðarstaður: 01285-U-Snjallb.

Kostnaðaráætlun: 1.500.000 kr.

Áætlað tímabil prófana II: apríl 2020 – mars 2021.

Virðingarfyllst,

